



Grenndarkynning

Kópavogi, 6. júlí 2026  
2606909/501.04 KH

### **Fagrahvarf 2-8. Breytt deiliskipulag.**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 23. júní 2026 var samþykkt að grenndarkynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Fagrahvarf fyrir hagsmunaaðilum á lóðum 1 til 13 við Faldarhvarf, oddatölur.

Í breytingunni felst stækkun byggingarreits um 1,65 m til suðurs til að koma fyrir 9m<sup>2</sup> utanáliggjandi svölum á íbúðum að Fagrahvarfi 2-4 og 6-8.

Tillagan er sett fram á kynningarupphráttum í mkv. 1:1000 og 1:500.

Ofangreind tillaga er aðgengileg í [Skipulagsgátt](https://eldri.kopavogur.is/is/umhverfismal/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu), [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) málsnr. 839/2026, á vef Kópavogsbæjar <https://eldri.kopavogur.is/is/umhverfismal/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu> og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér tillöguna. Athugasemdum og ábendingum við ofangreinda tillögu skal skila í gegnum [Skipulagsgátt](https://eldri.kopavogur.is/is/umhverfismal/skipulagsmal/skipulag-i-kynningu) [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is), málsnr. 839/2026, eigi síðar en 7. ágúst 2026.

Ef óskað er frekari upplýsinga um tillöguna má hafa samband við starfsfólk skipulagsdeildar með því að senda tölvupóst á [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is).

Vakin er athygli á að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð. Skipulagsfulltrúi Kópavogsbæjar notar upplýsingar sem eru settar fram vegna athugasemda við skipulag til úrvinnslu og auðkenningar. Kópavogsbær er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og afhendir gögn til varðveislu til Þjóðskjalasafns Íslands.

**Vakin er athygli á 43. gr. skipulagslaga 123/2010 en þar segir meðal annars:**

- Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi og skal þá fara um breytinguna eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Þó er ekki skylt að taka saman lýsingu, skv. 1. mgr. 40. gr., vegna breytinga á deiliskipulagi.
- Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan vikur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.
- Við útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa getur sveitarstjórn heimilað að vikið sé frá ákvæði 2. mgr. þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

Virðingarfyllt,  
f.h. skipulagsfulltrúa

Karlotta Helgadóttir  
Fulltrúi skipulagsdeildar

